



Reykjavík 30. október 2020

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, mál nr. 5.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í frumvarp, fjármálaráðherra um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, nr. 5. Frumvarpið mælir fyrir ýmsum aðgerðum sem hafa bæði áhrif á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins. SAF hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri sem snúa að tímabundinni endurgreiðslu áfengisgjalds til veitingastaða og orkuskiptahvata í tímabundinni niðurfellingu vörugjalds á bilaleigubílum. SAF ásamt fulltrúum veitingamanna og ökutækjaleiga óska eftir að eiga fund með efnahags- og viðskiptanefnd til að fara nánar yfir efni eftirfarandi ábendinga.

Tímabundin endurgreiðsla áfengisgjalds til veitingastaða

Áfengisgjald er lagt á alla sölu áfengis hér á landi frá framleiðendum og birgjum. Þannig greiða almenningur og fyrirtæki áfengisgjald við kaup í samræmi við styrkleika áfengis. Framleiðendur og birgjar greiða svo áfengisgjaldið til Skattsins.

Veitingastaðir eru í mikilli samkeppni og framlegð afar takmörkuð. Þannig var meðal- EBITDA 2019 um 7% sem er afar lágt og um 30% veitingastaða voru með neikvætt EBITDA.

Covid-19 og sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda og þá sérstaklega takmarkaður opnunartími og fjöldatakmörkanir skv. fyrirmælum stjórnvalda hafa augljóslega þau áhrif að ekki er hægt að bjóða uppá viðeigandi þjónustu á veitingastöðum. Fyrirmæli stjórnvalda hamla því eðlilegum rekstri fyrirtækjanna verulega og valda beinu tekjutapi. Segja má að eðlilegar rekstrarforsendur veitingarstaða séu algjörlega brostnar með auglýsingum heilbrigðisráðherra um samkomutakmarkanir.

SAF skora á stjórnvöld að koma til móts við þröngar rekstraraðstæður veitingastaða og efla viðspyrnu þegar þar að kemur. Leggja samtökin til að áfengisgjald verði endurgreitt til veitingastaða með leyfi í flokki II og III í samræmi við neðangreinda tillögu sem tekin er eftir sömu hugmyndarfræði og gildir um „Allir vinna“ átakið.

Til að öðlast rétt til endurgreiðslu þurfa veitingastaðir að framvísa reikningum þar sem áfengisgjald er tekið fram og flokkað eftir styrkleika. Þá væri einnig hægt að skylda veitingastaði til að vera með bókhaldslykil fyrir áfengisgjald til að einfalda afstemmingu.

Samtökin eru þess fullviss um að endurgreiðsla áfengisgjalds til veitingastaða í ofangreindum flokkum II og III muni fjölga tækifærum til að efla atvinnu og gerir skil á sköttum skýrari.

SAF leggja til að sett verði eftirfarandi bráðabirgðaákvæði við lög um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995

- *Á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2021 skal endurgreiða rekstraraðilum veitingahúsa í flokki II og III 100% þess áfengisgjalds sem þeir hafa greitt birgjum og framleiðendum vegna kaupa á áfengi.*

Tímabundin lækkun vörugjalds á bílaleigubílum er hvati til orkuskipta

Samtök ferðapjónustunnar vilja koma á framfæri eftirfarandi tillögu að tímabundinni lausn til að koma til móts við þær þrengingar sem ökutækjaleigur standa nú frammi fyrir vegna Covid-19 faraldursins og gera þarf ráð fyrir í ríkisfjármálaáætlun og fjárlögum fyrir árið 2021:

Til að bregðast við stöðunni og stuðla að því að ökutækjaleigur geti keypt umhverfisvænni og öruggari bílaleigubíla ásamt því að hvetja til orkuskipta verður hér reifuð tillaga að tímabundinni lausn vegna árána 2021, 2022 og 2023. Í stuttu máli felst hún í að nýju ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, sem gæti verið á þessa leið:

- *Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal á árunum 2021, lækka skráða losun ökutækja sem skráðar verða í notkunarflokkinn ökutækjaleiga um 30% en þó að hámarki þannig að mismunur á nýju vörugjaldi og þess upphaflega verði 500.000. Ákvæði þetta gildir aðeins fyrir ökutækjaleigur sem skráðar eru fyrir 1.4.2020. Hafi ökutækjaleiga á árinu 2021 keypt vistvæna bíla (Rafmagns/PHEV) að lágmarki 10% af heildarkaupum sínum þá framlengist bráðabirgðaákvæði þetta fyrir árið 2022. Hafi ökutækjaleiga á árinu 2022 keypt vistvæna bíla (Rafmagns/PHEV) að lágmarki 20% af heildarkaupum sínum þá framlengist bráðabirgðaákvæði þetta fyrir árið 2023*

Til að koma í veg fyrir misnotkun á niðurfellingu er lagt til að lækkun vörugjalda verði aðeins heimil ökutækjaleigum sem voru skráðar með leyfi hjá Samgöngustofu 1.4.2020 og hafa þannig orðið fyrir miklum neikvæðum áhrifum vegna Covid-19.

Í tillögunni er lögð til tímabundin 30% lækkun losunargilda bifreiða. Í því skyni að tryggja að áhrif lækkunarinnar verði ekki óþarflega víðtæk er þó lagt til að lækkun á vörugjaldi geti ekki orðið meiri en 500.000 kr. m.v. 10 mánaða binditíma. Þá leggja samtökin til að framlenging niðurfellingar hjá hverri ökutækjaleigu fyrir árin 2022 og 2023 tengist því að markmið náist um 10% nýskráningar vistvænna ökutækja viðkomandi ökutækjaleigu 2021 og 20% árið 2022

SAF hafa lengi bent á að bílaleigubíllinn er afar mikilvægt atvinnutæki til að dreifa ferðamönnum um landið. Mikilvægt er í því samhengi að ökutækjaleigur geti á hverjum tíma boðið upp á vistvænar og öruggar bifreiðar sem mæta nútímakröfum ferðamanna um öryggi og gæði.

Rúm 60% ferðamanna leigja bílaleigubíl. Reikna má með að ferðahegðun í framtíðinni muni auka eftirspurn eftir bílaleigubílum enn frekar og ökutæki þurfa því að vera tiltæk til að mæta þeirri eftirspurn.

Ökutækjaleigur hafa á undanförunum árum lækkað meðalkolefnislosun umfram almenna markaðinn og taka þannig virkan þátt í að ná losunarmarkmiðum Íslands. Meðallosun bílaleigubíla hefur þannig verið 17-23% lægri en meðallosun fólksbíla almennt síðustu 3 ár.

Vegna áhrifa af Covid hægir mjög á endurnýjun bifreiða og þar með áætlun stjórnvalda um lægri losun og orkuskipti í samgöngum, sem er kappsmál ökutækjaeiga í SAF.

Hér á eftir eru nokkrar staðreyndir um starfsumhverfi ökutækjaleiga og skatttekjur:

- Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti, tekjuskatti, tryggingagjaldi, vörugjaldi og leyfisgjaldi hjá ökutækjaleigum árin 2015-2018 voru samtals **14.433.000.000 kr.** Þá eru ótaldar aðrar tekjur ríkisins af ökutækjaleigum, beinar og óbeinar.
- Nýskráning bílaleigubifreiða hefur dregist saman um 59,2% árið 2020 vegna Covid-19 faraldursins þrátt fyrir mikla endurnýjunarþörf.
- Eftir að vörugjaldaniðurfelling var afnumin árið 2019 drógust kaup á bílaleigubílum saman um 35%.
- Hlutfall vistvænna ökutækja af nýskráningum bílaleigubíla árið 2019 var 3,66%.
- Nýskráning almennra ökutækja hefur einnig dregist saman eða um 6,1% vegna Covid-19 faraldursins.
- Ökutækjaleigur hafa verið að selja nýrri bíla og hækka þannig meðal kolefnislosunargildin.
- Þegar eftirspurn eykst þurfa ökutækjaleigur að kaupa ný ökutæki, þá stendur valið á milli ódýrra og illa útbúinna bifreiða eða verðmeiri, vel búinna og örugggra bifreiða.
- Nýrri bifreiðar eru almennt umhverfisvænni og öruggari en eldri bifreiðar.
- Lánastofnanir fara fram á aukið eiginfé í nýjum bílum vegna óvissuástands í greininni.
- Eiginfjárstaða ökutækjaleiga er ekki há og var að meðaltali um 7% árið 2018. Sú staða versnaði 2019 og eftir árið 2020 má gera ráð fyrir að eigið fé verði uppuríð.
- Ökutækjaleigur munu ekki hafa fjárhagslegt svigrúm til að endurnýja eða að fjölga ökutækjum nema að til komi hvatar.
- Ökutækjaleigur vilja almennt bjóða upp á umhverfisvæn og örugg ökutæki. Eru þau að jafnaði um 20 mánuði í umsjá ökutækjaleigu áður en ökutækið fer á eftirmarkað.
- Almennungur er með ökutæki í sinni eigu eða til umráða að jafnaði í 50 mánuði áður en ökutæki fer á eftirmarkað.
- Ökutækjaleigur hafa að jafnaði fjárfest í bílaflota fyrir um 10-15 milljarða árlega. Það jafnast á við kaup á 2-3 fullbúnum togurum.
- Samkvæmt útreikningum sem SAF hafa gert má ætla að um 20 bílaleigubílar skapi 1 starf og má þannig leiða líkum að því að 5.000 ný virk ökutæki skapi um 250 ný störf.
- Ætla má að 250 ný störf skapi tæplega 600 milljóna króna skatttekjur.
- Skráðum bílaleigubílum fækkaði um 9.300 eða 37% á milli ára í júlí sem jafngildir um 465 töpuðum störfum.

Þar sem ekki er um bein fjárútlát að ræða má ætla að áhrif aðgerðarinnar sem lögð er til geti verið jákvæð fyrir ríkissjóð með tilliti til innheimtu vörugjalda og afleiddra skatttekna, ásamt því að stuðla að orkuskiptum, fjölga störfum hjá ökutækjaleigum og bílgreininni og styrkja innviði ferðaþjónustu á Íslandi. Að auki bætast við tekjur ríkissjóðs og aðrar afleiddar skatttekjur af akstri og rekstri bifreiða.

Tímabundin niðurfelling vörugjalda af húsbílum

Þann 6. maí síðastliðinn voru samþykkt á Alþingi lög 33/2020 og fólu þau meðal annars í sér samþykkt á bráðabirgðaákvæði í lögum um vörugjald af ökutækjum. Ákvæðið snerist um að lækka skráða losun húsbíla skv. greindum skilyrðum um 40% en þó ekki meira en niður í 150 g/km áður en til álagningar vörugjalds kemur.

Í nefndaráliti með fyrrgreindum lögum 33/2020 kemur fram að efnahags- og viðskiptanefnd telur ljóst að ætlun löggjafans hafi ekki verið sú að húsbílar sættu stóru auknum álögum vörugjalds samhliða upptöku nýs alþjóðlegs staðals um mælingu á losun ökutækja. Meiri hlutinn telur að vinna þurfi að varanlegri lausn vegna þessarar stöðu en leggur til að við vörugjaldslögin bætist bráðabirgðaákvæði þar sem fram komi tímabundin lausn. Í ákvæðinu verði kveðið á um að við álagningu vörugjalds á húsbíla skuli lækka skráða losun um 40%, þó þannig að hún lækki ekki niður fyrir 150 g/km.

Þar sem ekki hefur verið unnið að varanlegri lausn á vörugjöldum húsbíla óska SAF eftir að bráðabirgðaákvæðið verði framlengt til 31. desember 2021 eða þar til varanleg lausn hefur verið sniðin

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Pór Skúlason

framkvæmdastjóri